

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	3. nóv. 2022	Tími: 12:00 – 13:00
Fundarstaður:	TEAMS		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	BÞ		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ), Björgvin Víkingsson (BV), Eydís Línal Finnbogadóttir (ELF), Ingileif Oddsdóttir (IO), Kristján Sverrisson (KS) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins		
Fjarverandi:	Díana Óskarsdóttir (DÓ)		

Fundargerð stjórnarfundar FFR 3. nóvember 2022

1. Fundargerð stjórnarfundar 6. október 2022

Fundargerð stjórnarfundar 6. október sl. samþykkt.

2. Launaþróun forstöðumanna í samanburði við viðmiðunarhópa

KS gerði grein fyrir stöðu mála og samskiptum við KMR um málið.

Benedikt Jóhannesson hefur samþykkt að taka að sér að skoða nánar launaþróun forstöðumanna og funduðu KS og AH með honum í lok október. Ákveðið var að hafa samanburðinn víðtækari en í fyrri skýrslu. Áfram verði horft til þróunar launa ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra, en auk þess verði skoðað hvernig þróun launa forstöðumanna hefur verið í samanburði við þróun launa opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði.

3. Félagsstarf og fræðslufundir

Félagsmönnum í FFR er boðið í heimsókn til Umhverfisstofnunar þriðjudaginn 29. nóvember næstkomandi. Einnig má gera ráð fyrir heimboði til Hafrannsóknastofnunar í febrúar/mars á næsta ári.

Morgunverðarfundur í samstarfi við Stofnun Stjórnsýslufræða og stjórnmála um skipulagsbreytingar hjá hinu opinbera er nú í undirbúningi og verður líklega í fyrstu viku desembermánaðar.

Stjórnarmenn hvattir til þess að koma með tillögur að umfjöllunarefni á slíkum morgunverðarfundum en stefnt er að áframhaldandi samstarfi við stofnunina á nýju ári.

4. Stjórnendastefna ríkisins

Umræður um stjórnendastefnu ríkisins og aðgerðaáætlun sem henni tengist. Afar margt bar á góma og má þar sem dæmi nefna vangaveltur um eftirfylgni með því að stjórnendastefnunni sé framfylgt í raun, hvar ábyrgð á því liggi og hvað sé til ráða sé henni ekki fylgt. Einnig umfærður um hvernig fræðslu og stuðningi til stjórnenda er háttað sem og afar mismunandi upplifun stjórnenda

af samskiptum við ráðuneytin. Þeirri spurningu var velt upp hvort ekki væri ráð að staldra við og líta í baksýnispegilinn og skoða hvernig tekist hefur til frá því innleiðing á stjórnendastefnunni hófst. Hver er staðan á innleiðingunni núna?

Almennt eru stjórnarmenn sammála um að stjórnendastefnan sem slík sé jákvæð en nokkuð mikið skorti á stuðning, fræðslu og eftirfylgni. Úr því þurfi að bæta.

5. Önnur mál

Til upplýsinga var stjórnarmönnum bent á eftirfarandi tvö mál:

- a. [Þingmannafrumvarp](#) um br. á starfsmannalögum, þingskjal 41 á 153 löggjafarþingi 2022-2023.
- b. [Álit](#) umboðsmanns Alþingis um sérstakt hæfi (setning staðgengils), mál nr. 11643/2022. Ákveðið að ræða við KMR.